

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1S4
komudagur 22.11.2004

SUNN Samtök um
náttúruvernd
á Norðurlandi

18. nóvember 2004

Nefndasvið Alþingis

Varðar þingskjal 16 á 131. löggjafarþingi, tillögu til pál. um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

SUNN, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, lýsa sig hlynnt þeirri hugmynd að forræði yfir rammaáætluninni flytjist frá iðnaðarráðherra til umhverfisráðherra. SUNN leggja áherslu á að stefnumótun vegna náttúruverndaráætlunar og nýtingaráætlunar þarf að vera samtengd og því eðlilegt að fela hana fagstofnunum umhverfisráðuneytis.

Einnig leggja SUNN áherslu á að öllum frjálsum félagasamtökum, sem það vilja, verði boðin aukin aðkoma að verkinu og að stefnumótun í náttúruverndar- og skipulagsmálum yfirleitt. Þetta er mikilvægt að komi fram í ljósi þess að núverandi iðnaðarráðherra hefur boðað fámennari verkefnisstjórn við framhald rammaáætlunar.

SUNN leggja einnig áherslu á að hér er um skipulagsmál að ræða og þau mál eru á forræði umhverfisráðherra.

F.h. SUNN


Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður

(ingo@ismennt.is)